

Nr. 3

34. árgangur

1961



LANDSSAMBAND IDNADARMANNA

TÍMARIT
IDNADARMANNA



13. Þýzka handiðnaðarsýningin


Íslenzkur stóll hlýtur gullverðlaun

Dagana 31. maí til 11. júní s. l. var haldin alþjóðleg handiðnaðarsýning í München í Þýzkalandi, og var hún opnuð af Erhard, fjármálaráðherra Vestur-Þýskalands.

Félag húsgagnaarkitekta sá að þessu sinni um deild Íslands, en Vörusýningarnefnd hafði milligöngu um þáttöku Íslands í sýningunni.

Fyrir utan sýningarsvæði undir beru lofti, voru 23 sýningarskálar að gólfrymi 52 þúsund fermetrar. 380 þúsund manns skoðuðu sýninguna. Deild Íslands var 42 fermetrar. Alls tóku 36 þjóðir þátt í sýningunni með 2470 sýndum, en þar af 1077 erlend fyrirtæki.

Á deild Íslands voru sýnd húsgögn, keramik, væðarvoðir, gætur, myndvefnaður, silfur, smelti, trévinna og húsgagnaáklæði. Sýningarmunir þessir voru valdir af sýningu félagsins „Húsgögn 1961“, sem haldin var um páskana s.l. vor. Þriggja manna nefnd, en í henni voru Skarphéðinn Jóhannsson arkitekt, Leifur Kaldal gullsmiður og Kjartan Á Kjartansson húsg.ark., valdi eftirtalda muni til sýningarinnar: Skrifborð frá smíðastofu Jónasar Sólmundssonar og sófaborð frá Friðrik Þorsteinssyni hvorttveggja teiknað af Þorkeli Guðmundssyni, borðstofustól frá Trésmíðjunni Víði, teiknaðan af Halldóri Hjálmarssyni, stálstól frá Benedikt Guðmundssyni, teiknaðan af Jóni og Guðmundi Benediktssonum, skrifborðsstól og hægindastól frá Friðrik Þorsteinssyni og Ásgrími P. Lúðvíkssyni báðir teiknaðir af Gunnari H. Guðmundssyni, keramik frá Glit h.f. teiknað af Ragnari Kjartanssyni og Steinunni Marteinsdóttur, væðarvoðir frá Álafossi teiknaðar af Ásgerði Ester Búadóttur en eftir hana voru einnig veggteppi, silfur-



Verðlaunastóllinn.

skeið frá Guðlaugi Magnússyni smíðuð af Reyni Guðlaugssyni, servíettuhringir smíðaðir og teiknaðir af Kjartan Á. Kjartanssyni og húsgagnaáklæði og gætur frá Gefjunni og Íðunni, Akureyri.

Gengið var frá fyrirkomulagi sýningarinnar hér heima, en Hjalti Geir Kristjánsson sá um uppsetningu og umsjón hennar í München, en íslenzkir námsmenn þar aðstoðuðu hann á margvíslegan hátt.

Sá ánægjulegi atburður gerðist, að stóll sem teiknaður er af Gunnari H. Guðmundssyni og framleiddur af Friðrik Þorsteinssyni og Ásgrími P. Lúðvíkssyni hlaut gullverðlaun, sem veitt eru af stjórn Bayern. Af 30 gullverðlaunum, sem veitt voru á sýningunni, voru aðeins tvenn veitt fyrir húsgögn og hlaut Ísland önnur og Ítalía hin.

Sýningin vakti óskipta athygli, og kom bersýnilega fram mikill áhugi á íslenskum iðnaðarvörum.



Myndir af báðum blíðum gullpeningsins.